

Fimmtudaginn 13. október 1988.
 Nr. 178/1987. **Pétur Gunnlaugsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

Valgarð Briem hrl.

Landsbanka Íslands

Ólafi Ragnarssyni hrl.

Árvakri hf.

Flugleiðum hf.

Samvinnutryggingum g.t.

Híbýlum sf.

Jóni Guðmundssyni

Hallgrimi Magnússyni

Póstgíróstofunni og

Húsasmiðjunni hf.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1987, en hann áfrýjaði nauðungaruppboði, sem fram fór 5. mars 1987. Var málið þingfest 2. október 1987 og fékk áfrýjandi þá frest til febrúarmánaðar 1988. Hefir hann síðan fengið frest fjórum sinnum, þ.e. til aprílmándaðar, maímánaðar, júní- og októbermánaðar 1988. Er málið var tekið fyrir 3. október sl. bað áfrýjandi enn um að málinu yrði frestað til desembermánaðar. Því var andmælt af hálfu stefndu.

Mál þetta var áður mál nr. 119/1987 og var stefna í því gefin út 2. apríl 1987 til þingfestingar 4. maí 1987, en þá féll málssókn niður vegna útivistar.

Þar sem áfrýjandi hefur þegar margsinnis fengið fresti, sem hefðu átt að nægja honum til að búa mál sitt til flutnings í Hæstarétti, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefndu, að veita frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda

til að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík, eins og hún hefir krafist, málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson, greiði stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 5.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.